

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- ◆ Kosning fundarstjóra og fundarritara
- ◆ Formaður leggur fram og skýrir skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
- ◆ Gjaldkeri leggur fram og skýrir reikninga félagsins
- ◆ Umræður og atkvæðagreiðslur
- ◆ Formenn nefnda leggja fram og skýra skýrslur um starf viðkomandi nefnda á liðnu ári
- ◆ Kosning formanns
- ◆ Kosning sex manna í stjórn
- ◆ Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara
- ◆ Kosið í nefndir og skal kjósa formenn sérstaklega
- ◆ Tillaga lögð fram til samþykktar um árgjald næsta árs
- ◆ Önnur mál sem félagið varða

Veittar verða viðurkenningar og nefndabikarinn eftirsótti afhentur nefnd, sem skarað hefur fram úr á liðnu starfsári.

Veitingar í fundarhléi

Stjórnin hvetur Sörlafélaga til að mæta vel og taka þátt í umræðum.

Nánari upplýsingar verða birtar á vefnum www.sorli.is

WORLDFENG ÁSKRIFT FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGSMENN SÖRLA

Sem fyrr eiga skuldlausir félagsmenn Sörla kost á að endurnýja frían aðgang að WorldFeng. Þeir sem hafa áhuga á að stofna eða endurnýja aðgang að WorldFeng verða að senda tölvupóst á vefstjori@sorli.is með kennitölu, nafni og tölvupóstfangi félagsmanns. Nánari upplýsingar er að finna með því að smella á merki WorldFeng á heimasíðunni www.sorli.is



SÖRLI fréttabréf október 2011 - Útgefið af Hestamannafélaginu Sörla
pósthólf 65 Hafnarfirði | sími 565 2919 | gsm 897 2919 | fax 555 4530 | www.sorli.is | sorli@sorli.is
Ábyrgðarmaður: Björn Bjarnason | sími 565 0462 | bjorn@bjarghus.is
Ritstjóri: Margrét Friðriksdóttir | sími 861 6021 | vefstjori@sorli.is

67. AÐALFUNDUR SÖRLA VERÐUR HALDINN Á SÖRLASTÖÐUM FIMMTUDAGINN 27. OKTÓBER KL. 20.00



Hestadagar 2011 – allar myndirnar í fréttabréfinu eru frá þessum atburði sem verður árlegur.
Ljósmyndir: Valdimar Jónsson.

FRÁ STJÖRN SÖRLA – FÉLAGSSTARF

Í Hestamannafélaginu Sörla er unnið frábært félagsstarf í mörgum og ólíkum nefndum og á öllum sviðum hestamennskunnar. Að starfa í góðum hópi að einhverju uppbyggingu er hollt og gott fyrir alla. Hver Sörlafélagi getur fundið sinn stað og sinnt sínu áhugasviði í einhverri af nefndum félagsins, en í þeim vinnur breiður hópur manna og kvenna að félagsstarfi Sörla. Í félaginu er margar nefndir; Ferðanefnd, Fræðslunefnd, Krýsuvíkurnefnd, Kynbótanefnd, Mótanefnd, Reiðveganeftnd, Skemmtineftnd, Sörlastaðanefnd og Æskulýðsneftnd. Erum við viss um að þú félagi góður getur fundið þér fargeg í einhverri þeirra. Þann 27. október er aðalfundur félagsins og fyrir liggur að talsverðar breytingar verða á stjórn og nefndum þess. Vonandi ert þú tilbúin(n) að koma og vinna með okkur í því öflugra starfi sem fram fer í Sörla. Endilega láttu okkur vita, ef þú hefur áhuga á að starfa með okkur, á netfangið sorli@sorli.is

KVEÐJA FORMANNS

Á síðasta aðalfundi Sörla tilkynnti ég að ég mundi láta af formennsku í lok starfsársins. Árið 2005 tók ég við formennsku af Vilhjálmi Ólafssyni sem hafði verið formaður í fimm ár og var félagið vel rekið og skuldlaust, þrátt fyrir að mikil uppbygging hefði verið á völlum félagsins í hans formannstíð. Það hefur verið stefna okkar að efna ekki til skulda en framkvæma eftir getu og bolmagni félagsins á hverjum tíma. Í dag er félagið annað stærsta hestamannafélag landsins á eftir Fákí í Reykjavík með tæplega 800 félagsmenn. Félagið er einstakt að uppbyggingu, þar sem nefndir þess eru sjálfstæðar og reka sig fjárhagslega en starfa eftir starfslýsingum og í náinni samvinnu við stjórn.

Ég fullyrði að fá félög á landinu búa yfir jafn öflugu félagsstarfi. Hestamannafélagið Sörla mun dafna áfram ef félagarnir halda áfram að standa að því eins og þeir hafa gert í bráðum 70 ár.

Aðstaðan og athafasvæðið sem hefur byggst upp í Hafnarfirði hefur ekki komið af sjálfu sér, heldur með dugnaði félagsmanna, öflugri stjórn og kröftugu nefndarstarfi öll þessi ár. Ekki má heldur gleyma velvilja Hafnarfjarðarbæjar sem hefur staðið með félagsmönnum að uppbyggingu og úthlutað félaginu einu glæsilegasta útivistarsvæði landsins til hestamennsku.

Ég hef verið einstaklega heppinn að hafa með mér í stjórn frábært fólk, þar á meðal gamla reynslubolta sem hafa leiðbeint mér við að leiða félagið áfram. Á aðalfundi félagsins þann 27. október verður töluverð uppstökkun í stjórn og nefndum, en ég veit að þar munu taka við einstaklingar sem munu hafa hag félagsins og félaga þess í fyrirrúmi áfram sem hingað til. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa unnið með mér á liðnum árum kærlega fyrir gott og gjöfult samstarf.

Þrátt fyrir að við hjónin séum flutt í sveitina munum við áfram verða félagar í Sörla þar sem við höfum eignast marga góða vini og átt frábærar stundir í góðum félagskap, því við vitum, að þar sem hestamenn koma saman, þar er gaman.

Kveðja, Björn og Guðrún



STOFNUN EÐA ENDURREISN SÖRLAÐANEFNDAR

Nú líður að aðalfundi í félaginu okkar, Hestamannafélaginu Sörla. Vonandi eruð þið öll búin að hugleiða hvort breytinga sé þörf og þá af hverju. Við þessi árlegu tímamót sem aðalfundur er, er einmitt besti vettvangurinn til að koma og láta skoðanir sínar í ljós, eða bjóða sig fram til starfa, félaginu til heilla.

Eitt af því sem stjórn Sörla leggur til á komandi aðalfundi er að stofnuð verði eða endurreist nefnd, Sörlastaðanefnd. Sörlastaðanefnd starfaði fyrir allöngu síðan og var mjög virk í félagsstarfinu, sá um rekstur og bar ábyrgð á viðhaldi reiðhallarinnar. Nefndin var formlega lögð niður um tíma og störf hennar færð til stjórnar. Það fyrirkomulag gekk í sjálfu sér þökkalega, en samt teljum við þörf á að endurvekja nefndina til að halda utan um og reka Sörlastaði með þeim besta mögulega hætti sem hugsast má. Umgengni um húsið hefur ekki verið okkur alltaf til sóma, æði oft eru öll ljós kveikt þó enginn sé á ferli og jafnvel opið út á hlað bæði seint að kveldi og snemma morguns. Það þarf að viðhalda gólfinu í reiðhöllinni og huga að nýtingu þessara verðmæta sem húsið er. Í mörgum öðrum reiðhöllum er þetta ekki svona, þar þarf einhversskonar lykil eða kort til að félagsmenn geti nýtt sér þá aðstöðu sem er á svæðunum og að sjálfsögðu þurfa allir sem það gera að vera félagsmenn í viðkomandi félagi.

Stækkun félagsaðstöðunnar er nú fyrir dyrum. Til stendur að setja kvisti sinn hvoru megin á húsið og reisa þakið á þeim hlutum byggingarinnar. Við þessa aðgerð stækkar félagsaðstaðan talsvert og verður það til mikilla bóta og opnar nýja möguleika í notkun salarins. Ekki er þó nóg að stofna nefnd, það þarf dugmikið og gott fólk til að skipa nefnd með svo viðamikil og flókin verkefni. Við erum svo heppin Sörlafólk að það eru alltaf til menn og konur sem vilja leggja á sig ómælt starf fyrir félagið og einn af þeim alöflugustu hefur gefið kost á sér til að leiða hina nýju Sörlastaðanefnd. Það er Hilmar Bryde sem hefur verið gjaldkeri félagsins til margra ára. Það er frábært að hann skuli gefa kost á sér í þetta starf, því fáir þekkja verkefnið betur en hann sem hefur verið vakinn og sofinn yfir Sörlastöðum í langan tíma og hefur mikinn og jákvæðan metnað fyrir hönd félagsins. Með honum í nefndina velst gott fólk og er það tilfinning okkar að þetta sé jákvæð og góð leið til að breyta og bæta alla þætti. Ég hvet félagsmenn til að líta á endurreisn nefndarinnar sem framfaraskref og vera jákvæðir og duglegir við að aðstoða Sörlastaðanefndina við að koma Sörlastöðum í það horf að allir geti verið sáttir og stoltir af.

Siggi Ævarss

